



STAÐHÆTTIR, UMHVERFISÁHRIF OG INNRA EFTIRLIT

Malbikunarstöð við Koparsléttu 6-8

Fylgiskjal með umsókn um starfsleyfi

Nóvember 2019

18605

C:\Users\bryndis\OneDrive - VSÓ Ráðgjöf ehf\18605_umhverfisskýrsla_191129.docx

Nr. útg.	Dagsetning	Unnið	Yfirfarið	Samþykkt
1	29.11.2019	BS	AK	BS

Unnið af:

VSÓ Ráðgjöf
Borgartúni 20, 105 Reykjavík

www.vso.is

Unnið fyrir:


Malbikstöðin ehf.
Spóahöfða 18, 270 Mosfellsbær

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
1.1	Starfsemi malbikunarstöðvar	3
1.2	Staðhættir	4
2	Umhverfisskýrsla	5
2.1	Matsskylda	5
2.2	Landslag og ásýnd	5
2.3	Sjór og fráveita	6
2.4	Verndarsvæði	6
2.5	Mengunaráhrif	6
2.6	Hljóðvist	7
2.7	Lyktarmengun	7
2.8	Minjar	7
2.9	Samantekt umhverfisáhrifa	7
2.10	Vöktun og mótvægisaðgerðir	7
3	Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun í umhverfið	8

1 Inngangur

Sótt er um starfsleyfi fyrir Malbikstöðina ehf. á Esjumelum. Meðfylgjandi eru upplýsingar um staðhætti á vinnslustað, um áhrif losunar á umhverfið og um það hvernig fylgst verður með losun í umhverfið. Skjalið er fylgiskjal við umsókn um starfsleyfi Malbikstöðvarinnar ehf. Stöðin er staðsett við Koparsléttu 6-8 og afmörkun lóðar er sýnd á mynd 1.



Mynd 1 Afmörkun lóðar Malbikstöðvarinnar ehf. við Koparsléttu 6-8 (mynd úr deiliskipulagi)

1.1 Starfsemi malbikunarstöðvar

Um er að ræða starfsemi þar sem tekið er á móti hráefnum, biki, olíu og malarefnum og framleitt malbik til að leggja á vegi, götur og stíga. Framleiðslugeta er áætluð allt að 160 t/klst af malbiki.

Malbikunarstöðin mun taka við fræstu malbiki til endurvinnslu. Þá verður endurvinnanlegt malbik stærðarjafnað á lóð. Gert er ráð fyrir að rekstraraðila verði heimilt að endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

Ætla má að vörubílaumferð til og frá svæðinu verði um 1.500 bifreiðar á ársgrundvelli. Fyrirhugað er að malbikunarstöðin sjálf verði u.þ.b. fyrir miðju lóðarinnar. Steinefnalager verður með fram jaðri lóðar.


Heimild er fyrir malbikunarstöð ásamt þeim byggingum sem tengjast henni á lóð. Gert er ráð fyrir skrifstofuhúsnæði, síló, efnislager og öðrum byggingum sem tengjast starfseminni, allt að 6.513 m², svo sem rannsóknarstofa, starfsmannaðstaða, áhaldageymslur.

Á lóðinni verða geymar fyrir bik og olíu sem geta verið allt að 100 m³ að rúmmáli hver, samtals allt að 200 m³. Þá er gert ráð fyrir eldsneytistank á lóð, allt að 40 m³ að rúmmáli.

Gert er ráð fyrir að malbikunarstöðin verði færanleg, með það í huga að mögulegt verði að færa malbikunarstöðina með tiltölulega litlum tilkostnaði komi til þess að forsendur landnotkunar breytist í framtíðinni.




1.2 Staðhættir

Staðsetning Esjumela er sýnd á mynd 2. Esjumelar standa á hæð á milli Leirvogsdals og Kollafjarðar. Fjarlægð að íbúabyggð í Leirvogstungu er um 1,2 km. Fjarlægð að næstu íbúðarhúsum er um 500 m. Fjarlægð að sjó er um 900 m frá Kollafirði og um 2 km frá Leirvogi. Gerð er grein fyrir verndarsvæðum í umhverfisskýrslu hér að neðan.



Mynd 2 Esjumelar eru merktir með bláum hring. (Mynd af ja.is)

Kort af vindatlas og vindrós, fengin af vef Veðurstofu Íslands er sýnt á mynd 3. Austanáttir eru ráðandi vindáttir á svæðinu sem ber vind yfir svæði Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis og þaðan á haf út.



Samantekt meðalvindhraða og orkupéttleika						
Hæð [m]	Mælistöð	0,000 m	0,030 m	0,100 m	0,400 m	1,500 m
10	Meðalvindhraði [m/s]	9,7	7,1	6,2	4,9	3,2
10	Orkupéttleiki [W/m ²]	1.251	481	317	153	44
25	Meðalvindhraði [m/s]	10,0	7,9	7,2	6,0	4,6
25	Orkupéttleiki [W/m ²]	1.329	635	469	280	126
50	Meðalvindhraði [m/s]	10,9	9,0	8,3	7,3	6,0
50	Orkupéttleiki [W/m ²]	1.703	918	719	481	264
100	Meðalvindhraði [m/s]	11,9	10,1	9,5	8,6	7,3
100	Orkupéttleiki [W/m ²]	2.203	1.323	1.079	785	494
200	Meðalvindhraði [m/s]	12,8	11,2	10,5	9,6	8,6
200	Orkupéttleiki [W/m ²]	2.664	1.730	1.466	1.119	782

Mynd 3 Vindatlas og vindrósi fyrir Esjumela. (mynd af vedur.is)

2 Umhverfisskýrsla

Hér er fjallað um umhverfisþætti sem líklegir eru til að verða fyrir áhrifum vegna starfseminnar. Gerð er grein fyrir umhverfisáhrifum til að ganga úr skugga um að fyrirhuguð starfsemi sé þannig að gerð og að umfangi að hún hafi óveruleg áhrif á verndarsvæði, útivistarsvæði og íbúðarbyggð í nágrenni svæðisins.

2.1 Matsskylda

VSÓ Ráðgjöf hefur sent fyrirspurn um matsskyldu til Skipulagsstofnunar vegna malbikunarstöðvar. Niðurstaða Skipulagsstofnunar, sem barst í tölvupósti dags. 15.02.19, er að malbikunarstöðin sé ekki tilkynningarskyld.

2.2 Landslag og ásýnd

Svæðið er ekki sýnilegt frá Vesturlandsvegi. Hins vegar sjást mannvirki sem fara yfir 9 m hæð og útblástur frá starfseminni vel frá Vesturlandsvegi. Hæstu mannvirki á svæðinu eru síló, skorsteinn og stoðvirki tengd þeim, sem geta orðið allt að 24 og 17 m að hæð. Að auki nær hluti malbikunarstöðvar 14 m hæð en aðrir hlutar hennar og mannvirki eru undir 9 m hæð.

Lóð liggur við Norðurgrafarveg og er því sýnilegt frá götunni. Gert ráð fyrir veggjum með fram lóðarmörkum sem draga úr sýnileika starfseminnar. En malbikunarstöðin sjálf verður vegna hæðar sinnar sýnilegt frá götu.

Gert er ráð fyrir að skjólveggur verði umhverfis lóðina að hluta, sem verður allt að 4 metrar að hæð. Þannig verður starfsemin lítið sýnilegt utan frá. Þá er gert ráð fyrir að gróður verði eftir atvikum á lóð til að bæta ásýnd, einnig sem gróður getur dregið úr foki.

Athafnasvæði AT5 á Esjumelum er sýnilegt frá útivistarsvæði við Esju. Hins vegar er malbikunarstöðin nokkurn vegin fyrir miðju á athafnasvæðinu og þannig minna sýnilegt.

utan af svæðinu, að undanskildum skorstein og sílóum sem munu sjást frá útivistarsvæði við Esju og frá nálægum svæðum.

Athafnasvæði AT5 á Esjumelum er sýnilegt frá íbúðarbyggð í Leirvogstungu í Mosfellsbæ og að einhverju leyti frá íbúðarbyggð á Kjalarnesi, þó íbúðarbyggð á Kjalarnesi sé í töluvert meiri fjarlægð en íbúðarbyggðin í Leirvogstungu. Stærsti hluti starfseminnar er ekki sýnilegur þar sem lóðin er á miðju athafnasvæði en skorsteinn, síló og útblástur gætu orðið sýnileg frá íbúðarsvæðum.

Settir eru skilmálar um að hönnun og frágangur skuli unnin með tilliti til sjónrænna áhrifa. Áhrif á landslag og ásýnd eru talin óveruleg neikvæð.

2.3 Sjór og fráveita

Lóðin er norðan við vatnaskil. Rennislisleið frá lóð er þannig til norðurs og til vesturs ofan í Kollafjörð. Starfsemin hefur þannig ekki áhrif á rennsli frá svæðinu í Leirvogsa og Leiruvog, en strandlengjan við Leiruvog er skilgreind sem „aðrar náttúruminjar“ á náttúruminjaskrá, þar sem forsenda verndar er fjölbreytilegur strandgróður, litríkar fjörur og mikið fuglalíf.¹

Olíuskiljur og sandskiljur verða á svæðinu. Þar sem við á er fráveita leidd í hefðbundið fráveitukerfi. Fráveita á svæðinu er í dag leidd í lítið hreinsivirki/rotþró með útrás sem opnast í Kollafjörð. Kollafjörður er ekki á verndarsvæði en hefur verið skilgreindur sem viðkvæmur viðtaki.² Fráveita hluta þess ofanvatns sem fellur á lóð verður leyst innan lóðar til að takmarka álag á fráveitukerfi. Almennu verður lögð áhersla á að takmarka álag á núverandi fráveitu, bæði vegna efna sem gætu valdið rekstrartruflunum og með því að leiða ofanvatn í kerfið.

Vegna ráðstafanna sem gerðar eru varðandi mengunarvarnir og hreinsun fráveitu er gert er ráð fyrir að starfsemi á lóð hafi óveruleg neikvæð áhrif á sjó og fráveitu.

2.4 Verndarsvæði

Norðaustan við AT5 er votlendi sem nú hefur verið hverfisverndað, skv. breytingu á aðalskipulagi. Frárennsli frá lóð hefur ekki áhrif á votlendið þar sem frárennislisleið ofanvatns á svæðinu er til norðurs og síðan vesturs³, einnig sem gert er ráð fyrir mengunarvörnum og að fráveita fari í hefðbundna fráveitu þar sem við á og berist þannig ekki frá lóðinni út í votlendið.

Eins og fyrr segir er rennislisleið frá lóð til norðurs og rennur þannig ekki í Leiruvog sem er á náttúruminjaskrá. Ekki eru vatnsverndarsvæði á eða við skipulagssvæðið.

2.5 Mengunaráhrif

Vegna eðli starfsemi malbikunarstöðvar eru ákveðnir mengunarvaldar sem mikilvægt er að gera ráðstafanir varðandi. Eftirfarandi er gert til þess að draga úr mengunaráhrifum vegna starfseminnar:

- Útblástur er leiddur um reykhreinsivirki
- Starfsemin fer að mestu leyti fram í lokuðum rýmum sem dregur úr hávaða og lyktarmengun.

¹ Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2011-2030.

² Umsögn skrifstofu umhverfisgæða um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur. Dags. 27.11.18.

³ Mannvit (2017). Meðhöndlun ofanvatns á Esjumelum (Deiliskipulagssvæði B).

- Geymsla og meðhöndlun mengandi efna verður samkvæmt reglum.
- Girðingar og skjólveggir hindra fok af svæðinu. Inn- og útkeyrslur verða malbikaðar til að draga úr foki. Ef girðingar eru ekki fullnægjandi verður skoðað að nota vökvunabúnað eða afloka efnislager.
- Gert er ráð fyrir gróðri til að hindra fok.
- Gert er ráð fyrir olíuskiljum og sandskiljum.
- Áfylling og meðferð olíuefna fer fram á olíuheldu áfyllingarplani.

Þá verður starfsemin í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í lögum og reglugerðum um málaflokkinn. Nánar er fjallað um þetta í umsókn um starfsleyfi. Gert er ráð fyrir að með því uppfylla kröfur sem settar eru í starfsleyfi verði mengunaráhrif vegna starfseminnar óveruleg neikvæð.

2.6 Hjóðvist

Búast má við hávaða frá hreyfanlegum hlutum malbikunarstöðvarinnar, vörubílum og vélum sem notaðar eru við starfsemina.

Gert er ráð fyrir að starfsemin fari að mestu leyti fram í lokuðum rýmum, en það dregur úr hávaða frá starfseminni. Dregið verður úr hávaða og titring frá malbikunarstöð eins og kostur er, sem og að tryggt sé að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við reglugerð um hávaða, nr. 74/2008. Starfsemin er þannig talin hafa óveruleg neikvæð áhrif á hjóðvist.

2.7 Lyktarmengun

Ekki er talið líklegt að mikil lykt hljóti af starfseminni. Starfsemin fer að mestu leyti fram í lokuðum rýmum sem dregur úr lykt. Tryggt skal að starfsemin sé í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og að farið verið yfir starfshætti eftir þörfum með það að markmiði að draga úr lykt frá starfseminni. Starfsemin er talin hafa óveruleg neikvæð lyktaráhrif.

2.8 Minjar

Enga þekktar minjar eru innan lóðarinnar, sem þegar hefur verið raskað og er í dag notað sem geymslusvæði. Breytingin er þannig ekki talin hafa áhrif á minjar.

2.9 Samantekt umhverfisáhrifa

Á heildina litið er starfsemi malbikunarstöðvar á lóð, talin hafa óveruleg neikvæð áhrif á umhverfisþætti, þar sem gerðar eru ráðstafanir til að draga úr þeim neikvæðu áhrifum sem hljóta af starfseminni.

2.10 Vöktun og mótvægisaðgerðir

- Gert er ráð fyrir að bílar sem flytja efni til og frá malbikunarstöðinni verði lokaðir.
- Áætlað er að þak verði sett yfir efni eins og hægt er á uppbyggingartíma.
- Blöndun efna á svæðinu á sér einungis stað í lokuðum rýmum stöðvarinnar til að hindra fok.
- Ef þörf er á verða settar hlífar yfir færibönd steinefna.

3 Áætlaðar aðgerðir til að fylgjast með losun í umhverfið

Skilgreint er verklag vegna eftirfarandi umhverfisþátta:

- Eftirlit með reykhreinsivirki er eftirfarandi: dagleg sjónskoðun, álestur á mæla hreinsibúnaðar og myndavélakerfi á skorstein.
- Mælingar vegna reykhreinsivirkis einu sinni á ári
- Vöktunarbúnaði verður komið fyrir í olíuskilju og tengist stjórnstöð
- Eftirlit með olíuleka frá búnaði – Viðhaldsáætlun er innbyggð í stjórnkerfi malbikunarstöðvarinnar.
- Tæming á olíuskilju og yfirferð á sandskilju reglulega
- Daglegt /vikulegt eftirlit á vörnum við foki á steinefnum og hvort niðurföll séu óhindruð
- Skráningar á viðhaldi, eftirliti og bilanir í mengunarvarnarbúnaði, þ.e. reykhreinsibúnaði, olíuskilju og sandskilju, er innbyggt í stjórnkerfi malbikunarstöðvar
- Skráningar á umhverfisóhöppum og viðbrögð við þeim
- Skráning á kvörtunum og ábendingum nágranna, m.a. vegna hávaða og lyktar.
- Magn og gerð efnis sem sent er til endurvinnslu eða endurnýtingar er skráð en óverulegt magn fellur til við framleiðslu, það sem ekki er nýtanlegt í framleiðslu er fargað hjá viðurkenndum móttökuaðila.
- Magn og gerð spilliefna sem falla til er skráð, þ.e. olíur af mótorum, ílát íblöndunarefna.
- Prófun og kvörðun mælitækja er í höndum viðeigandi eftirlitsaðila þar sem við á, annars á höndum framleiðanda.
- Eftirlit með olíutönkum og olíuleiðslum verði í samráði við Olíufélag

Tillaga að

STARFSLEYFI

Framleiðsla á malbiki

Malbikstöðin ehf.
Koparsléttu 6-8, Reykjavík
Kt.: 700402-7890

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Malbikstöðina ehf., kt. 700402-7890, til reksturs einnar malbikunarstöðvar að Koparsléttu 6-8, Reykjavík. Malbikstöðin ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn muni taka við rekstrinum.

Rekstraraðili getur falið verktaka með öll tilskilin opinber leyfi að annast verk fyrir sig. Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé framfylgt.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

1.2 Umfang starfseminnar

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki. Þá er heimilt að reka tengda starfsemi og þjónustu.

Heimilt er að vera með allt að 200 m³ birgðir af biki og olíu á starfssvæðinu í litlum geymum og eldsneyti á lóð, allt að 40 m³. Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017, um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Rekstraraðila er heimilt að endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við ákvæði X. kafla reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Eftirlit felst m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð og mati á gögnum sem rekstraraðila ber að skila. Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, vegna kvartana eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á grundvelli eftirlitsáætlana sbr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018, þar með talið viðmiðunum um möguleg og raunveruleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfið, skrá yfir hvernig starfsleyfisskilyrðum er fylgt og þátttöku í vottuðu umhverfisstjórnarkerfi.

Fyrirvaralaust eða annað óvenjubundið eftirlit skal fara fram til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum, þar sem reglum er ekki fylgt, eins fljótt og auðið er og eftir því sem við á, fyrir veitingu, endurskoðun eða uppfærslu leyfis. Eftir hverja vettvangsheimsókn skal eftirlitsaðili taka saman skýrslu með lýsingu á því sem fram kom og skiptir máli varðandi það hvort starfsemin sé í samræmi við starfsleyfisskýrðin og niðurstöðum um hvort frekari aðgerðir eru nauðsynlegar. Skýrslan skal gerð aðgengileg á vefsvæði eftirlitsaðila eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur útgefandi hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi, sbr. 2. mgr. 18. gr. reglugerðarinnar.

1.5 Gangsetning og stöðvun rekstrar (lokun)

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, eða reksturinn stöðvast óvænt skal vera áætlun til staðar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og annan frágang. Fjalla skal þar annars vegar um tímabundna rekstrarstöðvun og hins vegar um varanlega rekstrarstöðvun. Í áætluninni skal alltaf gengið út frá því að lágmarka möguleg mengunaráhrif.

Rekstrarstöðvun skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megi út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki sé talin þörf á að virkja áætlunina. Bilanir og viðhald telst ekki stórlega skertur rekstur.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um gangsetningu hafi rekstur malbikunarstöðvarinnar legið niðri í mánuð eða lengur af öðrum ástæðum en reglubundinni rekstrarstöðvun um vetur og tíðarfari. Gera skal Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins bs. viðvart um stöðvanir og gangsetningar um leið og eftirlitsaðila. Einnig skal tilkynna eftirlitsaðila ef reksturinn er stórlega skertur frá því sem búast má við.

1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er, sbr. gr. 1.4.
- Ef öryggi við rekstur krefst þess að önnur tækni sé notuð en upphaflega var miðað við í starfsleyfinu.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.

- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef ekki er sinnt úrbótum innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 .

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og gr. 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012, um umhverfisábyrgð, og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið. Setja skal umhverfismarkmið fyrir reksturinn og þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá gr. 2.4) er fullnægjandi að vísa til þeirra. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaráhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.

2.3 Verkstjórn og aðgerðir til að hefta fok á athafnasvæði

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Umgengni skal vera snyrtileg á rekstrarsvæði. Fjarlægja skal úrgang af lóð þegar í stað. Aksturleiðir skulu vera lagðar bundnu slitlagi en þó er heimilt að nota þjappað malarlag í jarðvegsgeymslum í þeim tilfellum sem kröfur eru um gegndræpi í deiliskipulagi. Tilflutningur á efni innan lóðar skal vera í lágmarki. Sópa skal bundið slitlag innan lóðar til að hindra að bílar sem þar aki beri jarðefni út fyrir lóðina. Jarðvegsgeymslum skal skýlt með skjólveggjum umhverfis lóð fyrir vindi með fullnægjandi hætti til að hefta fok. Einnig skulu vera milliveggir á milli efnishauga á lóð. Skýla skal fínefni sérstaklega.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið. Ef eftirlit leiðir í ljós að aðgerðir við að hefta fok á athafnasvæði gefa ekki viðunandi árangur getur Umhverfisstofnun farið fram á endurskipulagningu þeirra sbr. gr. 1.6.

Aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi.

2.4 Umhverfisstjórnarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfismálakerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 344/2013, um frjálsta þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Rekstraraðili skal vera með viðbragðsáætlun sem unnin er á grundvelli áhættumats sem að lágmarki felur í sér skilyrði í viðauka I.B í lögum nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.

Áætlunin skal vera aðgengileg fyrir eftirlitsaðila og senda skal Mannvirkjastofnun og Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti.

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg eftirlitsaðila.

2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er. Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt ef þörf er á að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun. Einnig skal rekstraraðili fara yfir atvikið og gera ráðstafanir sem miði að því að hindra að sambærilegt atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota megri aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færir á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (sambættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengileg tækni hefur verið skilgreind í „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.

Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða.

HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

3.2 Móttaka, geymsla og flutningur hráefna

Við móttöku, geymslu og flutning á hráefnum skal rykmengun haldið í lágmarki með því að hindra fok t.d. með skjólveggjum með a.m.k. þremur hliðum, eftir atvikum einnig með þaki, eða með því að nota vökvunarbúnað sem þolir frost og íslenskar veðuraðstæður. Rekstraraðili skal vera með áætlun sem samþykkt er af eftirlitsaðila, sem miðar að því að hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna sem og við óhagstæð veðurskilyrði. Í áætluninni skal einnig koma fram tilhögun á reglulegri hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaði ökutækja.

Ef ekki tekst að hefta fok að mati eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun farið fram á endurskoðun áætlunarinnar.

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

Fallhæð við flutning hráefna skal ekki vera meiri en 2 m.

LOFT

3.3 Afsogsloft

Afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhreinsibúnaði.

Áætlun skal vera til um rekstur hreinsibúnaðar. Útstreymishraði úr skorsteini skal vera a.m.k. 20 m/s (\pm 10%). Umhverfisstofnun getur fallist á breytingar á þessu, sé sú krafa studd með loftdreifilíkani sem rekstraraðili leggur fram og Umhverfisstofnun samþykkir. Líkanið skal gert af þriðja aðila sem hefur til þess faglegar forsendur.

3.4 Skorsteinn

Útblástursloft frá hreinsibúnaði skal leiða út í gegnum a.m.k. 12 m háan skorstein. Skorsteinninn skal útbúinn þannig að auðvelt sé að mæla ryk í honum.

3.5 Fræst malbik

Við innmötun í blöndunareiningu skal fylgja aðferð sem lýst er í skilgreiningu skýrslu um bestu aðgengilegu tækni, sbr. gr. 3.1.

3.6 Losunarmörk í útblæstri

Útblástur skal standast eftirfarandi mörk í öllum einingum stöðvarinnar, miðað við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald í útblæstrinum:

Mengunarefni	mg/Nm ³
Heildarryk	50
Kolmónoxíð (CO)	500
Köfnunarefni NO _x (sem NO ₂)	400
PAH (mæliaðferð skv. ISO 11338)	0,0020

VATN

3.7 Frárennsli¹

Áfyllingar og meðferð olíuefna (t.d. úðun vörubílsþalla) skulu fara fram á olíuheldu áfyllingarplani með niðurfali í lægsta punkti sem tengt er olíuskilju og sandfangi. Fjarlægja skal olíu úr skilju ef olía fyllir meira

¹ Einnig gilda lög og reglugerðir um frárennsli og fráveitur, sem og lög um mannvirki.
Síða 6 af 9

en 25% af rúmtaki olíurýmis, og sand og leðju úr sandfangi ef magn fastefnis fer yfir 40% af vökvarúmmáli sandfangs. Eftirfarandi losunarmörk gilda:

Mengunarefni	Losunarmörk
Olía í frárennsli	15 mg/kg
Svifagnir í fráveituvatni	50 mg/l

Niðurföll frá þvottaaðstöðu skulu leidd í olúgildru og sandfang.

3.8 Geymar, lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar, nr. 884/2017. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.5, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppþurrkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

ÚRGANGUR

3.9 Meðhöndlun úrgangs

Dregið skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar förgunar. Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Úrgangsolía skal fara til samþykkt mottökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu.

ANNAÐ

3.10 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá stöðinni eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum, og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu í III. viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008, um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni, sbr. 1. málsgrein:

- yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða inni,
- tryggja að dyrum og gluggum sé lokað þegar hávaði er mestur.

3.11 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.

Sé þess kostur skal skipta út efnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaróhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn.

4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal reglulega upplýsingar, t.d. í rekstrarhandbók, um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar sbr. gr. 3.9, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku.

Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

4.2 Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka í gr. 3.6 og 3.7. Verklag eða tæknilegar lausnir skulu vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni reykheinsvirkis, t.d. rífnun pokum. Fella skal niður mælingar á PAH ef rekstraraðili notar ekki heimildina í gr. 3.5. Útstreymishraða úr skorsteini skal mæla samhliða rykmælingu. Mælingar skulu fara fram þegar stöðin er í eðlilegum rekstri. Auk þess skal mæla olíu í fráveituvatni, að lágmarki á hverju ári en oftast ef vafi leikur á að kröfur í gr. 3.8 séu uppfylltar. Niðurstöðurnar skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.

Á a.m.k. sex mánaða fresti skal yfirfara virkni olíuskilju og tæma sandfang/sandföng og skilju eftir þörfum, sbr. kröfur í gr. 3.7.

Umhverfisstofnun getur krafist úttektar á hávaða (sjá gr. 3.10), gefist tilefni til.

Mælingar skulu vera gerðar samkvæmt stöðluðum mæliaðferðum.

4.3 Eftirlit með rykmyndun á lóð

Rekstraraðili skal setja upp myndavélareftirlit sem gefur góða hugmynd um rykmyndun á svæðinu og sýna þannig mengunarástand lóðar. Eftirlitsaðili skal hafa aðgang að upptökum í allt að tvær vikur eftir að upptaka fer fram. Við meðhöndlun á upptökum skal gæta að lögum um persónuvernd.

4.4 Umsjón mælinga

Allar mælingar sem starfsleyfi þetta kveður á um eru á kostnað og ábyrgð rekstraraðila.

4.5 Vöktun umhverfis

Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun á starfssvæðinu ef henni verður komið á á gildistíma starfsleyfisins. Rekstraraðili skal greiða sinn hlut í rannsóknum á mengun eða sameiginlegri umhverfisvöktun eða einstökum vöktunarþáttum sem stafa af losun sem rekja má til stöðvarinnar í samræmi við umfang losunarinnar.

4.6 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti. Eftirlitsmælingum í gr. 4.2 skal skilað með umhverfisupplýsingum. Rekstraraðili skal skila umhverfisupplýsingum í samræmi við reglugerð nr. 851/2002 um grænt bókhald. Skila skal niðurstöðum umhverfisupplýsinga fyrir 1. maí ár hvert.

5. GJALDSKYLDA

Starfsemin er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, starfsemi B, lið 3. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í IX. viðauka, lið 3.

Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til dd mm 2036.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Reykjavík, dd mm 2020

Umhverfisstofnun



Umhverfisstofnun
B.t. Sigurðar Ingasonar
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 12. maí 2020
Tilvísun: 2020050033/25.3.1

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir Malbikunarstöðina ehf.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur tekið til umsagnar drög að starfsleyfi Umhverfisstofnunar fyrir Malbikunarstöðina ehf., Koparsléttu 6-8, Esjumelum. HER hefur farið yfir drögin og gefur eftirfarandi umsögn.

Í drögum að starfsleyfi kemur ekkert fram um ofanvatnslausnir innan lóðar eins og tilgreina á samkvæmt ákvæðum heildardeiliskipulags fyrir Esjumela. Samkvæmt því skal gera grein fyrir því í starfsleyfi mengandi fyrirtækja hvaða lausnum verði beitt við hreinsun ofanvatns innan lóðar. Fráveita frá hverfinu er leidd út í gegnum Flóalæk sem rennur í Kollafjörð sem enn er ekki skilgreindur viðtaki, í gegnum fráveitumannvirki sem ekki var upprunalega hannað til að taka við frárennsli frá þetta stóru svæði né frá iðnaði. Því á að hreinsa ofanvatn frá mengandi starfsemi eins og malbikunarstöð innan lóðar og skila því í safnkerfi hreinsuðu í samræmi við skipulagsskilmála.

Í tillögu að breytingu á deiliskipulagi Esjumela, Koparsléttu 6-8, dags. 29. nóvember 2019 og er nú í samþykktarferli, kemur m.a. fram að útfærslu fráveitu eigi að vinna í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur en ekki eru sett nánari skilyrði varðandi hreinsun ofanvatns. HER leggur hins vegar ríka áherslu á að sömu kröfur gildi um ofanvatn frá Koparsléttu 6-8 og á öðrum lóðum á Esjumelum. Nauðsynlegt er að fram komi í starfsleyfi Malbikunarstöðvarinnar ehf. að ofanvatn verði hreinsað innan lóðar og síðan veitt í safnkerfi ofanvatns. Að leiða ofanvatn frá iðnaðarstarfsemi beint inn í fráveitukerfi skólps frá hverfinu væri mjög óæskilegt, bæði vegna álags og mengunarhættu.

HER hefur komið athugasemdum við breytingu á deiliskipulagi Koparsléttu 6-8 til skipulagsfulltrúans í Reykjavík og bent á að samræmi þurfi að vera milli krafna til ofanvatnshreinsunar í heildardeiliskipulagi og breytingatillögunni.

Virðingarfyllt
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi


Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi